

Mál nr. 41/2002

M

og

V v/ábyrgðartryggingar M

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna slits á ljósleiðarastrengs 4.7.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.2.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 43/02
3. Lögregluskýrsla dags. 4.7.2001
4. Skýrsla Landssímans v. ljósleiðaraframkvæmda ódags.
5. Bréf Búnaðarsamtaka Vesturlands dags. 14.12.2001.
6. Bréf og greiðsluseðlar frá Landssímanum.
7. Bréf V dags. 2.1. og 6.3.2002.
8. Tjónstilkynning 16.8.2001.

Málsatvik.

M sleit ljósleiðarastreng við Gufuá í Borgarfirði. Skv. málskoti og framlögðum gögnum er ekki ágreiningur um bótaskyldu M. V hefur viðurkennt bótaskyldu. Ágreiningur í málinu snýst um að M telur að krafa Landssímans um viðgerð á ljósleiðarastreng að fjárhæð kr. 2.520.638,50 sé allt of há.

Álit.

Skv. samþykktum fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 3.gr. fjallar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytanda og váttryggingafélags nefndin úrskurðar hins vegar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila. Í máli þessu er einungis deilt um bótafjárhæð og líta verður þannig á afstöðu V í málinu að félagið samþykki að Úrskurðarnefndin úrskurði í málinu. Fyrir liggur að V hefur ekki kannað sjálfstætt hver sé eðlilegur kostnaður við viðgerð á ljósleiðara og sættir M sig ekki við að tjónþoli geri einhliða reikning fyrir tjóninu með þeim hætti sem fyrir liggur í málinu en sá reikningur er hár miðað við aðstæður og verður M að bera 10% heildartjónsins sökum sjálfsábyrgðar og hefur því gilda hagsmuni af að véfengja afgreiðslu sem þessa. Þrátt fyrir það að Úrskurðarnefndin telji að skilyrði séu fyrir hendi sbr. ofangreint til að úrskurða um bótafjárhæð í þessu tilviki þá eru gögn málsins með þeim hætti og krafa M svo óskýr að Úrskurðarnefndin telur málið ekki tækt til úrskurðar. Af þeim sökum með vísan til tl. e 4.gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefndina er málinu því vísað frá nefndinni en á það bent að skv. sama ákvæði samþykktanna skal taka mál til meðferðar að nýju skv. málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað t.d. með mati á eðlilegum viðgerðarkostnaði við ljósleiðarastrenginn og kröfugerð M skýrð frekar en fram kemur í málskoti hans.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá með vísan til 4.gr. tl. e samþykktar fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík 19.3. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.